


*Þversnið í sumarhús með efnisskýringum, 1:25.*




DEILI E, festing sperru í mæni.




DEILI F, festing sperru við útveggjagrind




DEILI G, festing útveggjagrindar við gólfbita.

## SKÝRINGAR VIÐ UPPBYGGINGU ÚTVEGGJA OG ÞAKS:

Útveggir hússins eru byggðir upp úr 50x150 mm timburstoðum með mesta millibili stoða m/m 600. Utan á útveggi komi 9 mm rakaþolin krossviður, með PAM-gildi = 12, sem neglist með S31/50 m/m 150, krossviðurinn nái niður fyrir gólfbita og hjálpi með því móti að tengja saman gólf og veggi, síðan kemur 9 mm loftbil undir timburvatnsklæðningu.

Allt timbur í burðarveggjum og sperrum skal vera styrkleikaflokkað í K18 a.m.k.

Þaksperrur eru byggðar upp úr 50x225 mm timburbitum með mesta millibili m/m 600 mm.

8" einangrun kemur á milli þaksperra, steinull (þakull).

Ofan á sperrur kemur 25 mm listar til myndunar loftbils undir heilklæðningu, 25x150 mm borðaklæðningu, ofan á klæðingu kemur tjörupappi og þakjárn sem neglt er með þaksaum í aðra hverja hábáru með 600 mm millibili en við þakbrún skal neglt í hverja hábáru

Fylgihlutir úr járni eru heitgalvaniseraðir.

S - táknar venjulegan sléttan saum
K - táknar kambsaum.
Naglastærð a/b, táknar þvermál a í $\frac{1}{10}$ hluta mm og lengd b í mm.

Negla skal borðaklæðningu í hverja sperru með $S^{31}/_{80}$, samkvæmt eftirfarandi:
á úthornum húss, 1,5x1,5 m, 5 stk.,
meðfram útbrúnum húss, 1,5 m, 3 stk.,
inni á þaki, 2 stk.

Þakpappi skarist um 100 mm og þannig frá honum gengið að hann rifni ekki né skemmist áður en þakklæðning er lögð á.

Þakklæðningu skal negla sem hér segir:
á úthornum húss, 1,5x1,5 m, 21 stk. pr m²,
meðfram útbrúnum húss, 1,5 m, 16 stk. pr. m²,
inni á þaki, 10 stk. pr. m².

Allur saumur og skrúfur í þaki séu zinkhúðaður.

VINDSTÍFING:

Útveggur er stífaður af með 9 mm vatnsheldum krossviðsplötum sem koma á húsið.
Á úthornum skal líma plöturnar ásamt þéttneglingu.

Negling: $K^{29}/_{76}$, m/m150.
Líming: Vatnshelt lím, t.d. Super B3.

SKÝRINGAR VIÐ FRÁGANG INNVEGGJA:

Innveggir eru byggðir upp úr 45x98 mm timburstoðum með mesta millibili stoða m/m 600.
Yfirstykki á milliveggjum skal skrúfa í milligólfsbita og setja 1 stk. 90-vinkil á stoðarenda með neglingu sem er 4 stk. $K^{40}/_{40}$ í hvorn flangs.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.
Yfirfarið
20 OKT. 2015
Byggingarfulltrúi

| | |
|---|---|
| Breytingar: | |
| HÚSEY ehf — Teikni- og verkfræðiþjónusta. SELFOSSI | |
| Vinnustofa: | Stóru-Sandvík 4, 801 Selfoss. Sími 482-1738 / 898-9199 Netfang: husey@internet.is |
| Áb.m. og rétthafi ©: | Samúel Smári Hreggviðsson, byggingatæknifræðingur, M.T.F.Í. Kt.: 200752-4659 |
| Viðfangsefni: | ÁLFTABYGGÐ 5, Hrunamannahreppi |
| Verkhluti: | Frístundahús, viðbygging Þversnið, skýringar og festingar |
| Mælikvarði: 1:25 og 1:20 | Teiknað/Reiknað: ssh |
| Dagsetning: | Stóru-Sandvík 4, í september 2015 |
| Samþykkt: | |
| Verknúmer: | 15 – 706 |
| Teikn.nr.: | 2–04 |

7059
7005

Sjá almennar skýringar á teikningu nr. 2-01, eftir því sem við á.